

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunnaskoli.is](http://www.öldutunnaskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefnunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐAR

## Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 4. TBL.

11. SEPTEMBER 2009

## Myndbandaútlán og skriftarbækur til sölu

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar er stjórnsýsluskrifstofa skólamála fyrir Hafnarfjörð. Jafnframt er þar í boði ýmis þjónusta fyrir kennara og skóla, sérstaklega myndbandaútlán og sala á skriftarefni.

Skólaskrifstofan lánar út myndbönd sem ætluð eru til kennslu í grunnskólum. Kennarar senda inn pantanir á sérstöku eyðublaði sem er að finna á vefsvæði fræðsluviðs á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is).

Myndböndin eru þá send til skólanna og sótt þangað aftur að notkun lokinni. Þó skyldi ekki gleyma að skila þeim því dagsektir leggjast á ef þau eru lengur en tvær vikur í skóla í einu. Hægt er að sjá hvaða myndbönd eru í útláni á [www.gegnir.is](http://www.gegnir.is).

Skriftarefnið sem er til sölu á Skólaskrifstofunni er ítarefni í skriftarkennslu. Það er selt og er eftir kennara í Hafnarfirði en Skólaskrifstofan er dreifingaraðili. Best er að panta skriftarefnið á sérstöku pöntunarblaði sem einnig er á vefsvæði fræðsluviðs.

Í vikunni stóð yfir vinavika í Öldutúnsskóla og er hún árlegur þáttur í skólastarfinu. Markmið hennar er að leggja áherslu á mikilvægi vináttu í öllum samskiptum. Vinabekkir, eldri og yngri, starfa saman allt skólaárið og vinavikan er frábær byrjun á vetrarstarfinu. Vikan endaði á því að allir fóru út og mynduðu keðju um skólann og föðmuðu hann.



## Ný þjónusta við nemendur með sérþarfir

Síðasta skólaár var í gangi sérstakt þróunarverkefni innan Hraunvallaskóla í samstarfi við Tölvumiðstöð fatlaðra. Það fólst í því að auka gæði náms hjá nemendum sem eiga við skriftarvanda að stríða. Lausnin við slíku var að auka notkun á tölvum þar sem nemendur hefðu aðgang að dæmigerðri vinnubók á tölvuformi. Verkefni sem flestir nemendur vinna með blýanti leysir hinn fatlaða aðila á tölvunni.

Í vetur fékkst frekari styrkur til þessa verkefnis úr Minningarsjóði Helgu Jónsdóttur og Bjarna Snæbjörnssonar, lækni í Hafnarfirði. Þar með gafst öðrum

skólum kostur á þátttöku í verkefninu. Vinnan í haust hófst með undirbúningi þar sem valdir voru 1-2 nemendur í hverjum grunnskóla til að hafa möguleika á nýta tölvur í námi sínu í vetur. Í framhaldinu var haldið námskeið fyrir kennara um aðferðina (sjá mynd).

Verkefnið er unnið í samstarfi við Námsgagnastofnun þar sem unnið er að því að sem mest af vinnubókum stofnunarinnar



Skólaþróun

verði nýtanlegar á tölvutæku formi (pdf), þ.e. líka það efni sem eingöngu hefur verið prentað fram að þessu.





## FRÉTTIR

### úr stjórn- kerfi

#### Fræðsluráð 7. september 187. fundur:

- Kynnt var staða á fjarnámi grunnskólanemenda í Flensborg sem fellur niður að öllu óbreyttu frá áramótum. Fræðsluviði falið að leita lausna á máli með menntamálaráðuneyti.
- Gerð grein fyrir því hvernig grunnskólarnir í Hafnarfirði hafa nýtt fjármagn úr Námsgagnasjóði.
- Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneyti um samþykki fyrir 4. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði.
- Lögð fram reglugerð nr. 658 um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald.
- Lögð fram samantekt ÍTH vegna þátttöku á námskeiðum fyrir væntanlega nemendur 1. bekkja grunnskóla og var haldið í öllum grunnskólum bæjarins dagana eftir sumarlokun leikskóla og þar til grunnskólastarf hófst.

### Tilkynning vikunnar

Minnt er á norrænu ráðstefnuna um jafnréttisfræðslu í skólastarfi sem hefst að kvöldi mánudags 21. september og stendur allan þriðjudaginn 22. september á Grand Hótel í Reykjavík. Þátttaka er ókeypis og fer skráning fram í gegnum vefsíðuna [formennska2009.jafnretti.is](http://formennska2009.jafnretti.is). Ráðstefnan fer fram á norðurlandtungumálum og ensku og er túlkðuð. Skráningu lýkur mánudaginn 14. september.

**Næsta blað  
Skólavefritsins er  
væntanlegt föstudaginn  
18. september 2009**

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni


» Evrópsk samgönguvika er haldin á höfuðborgarsvæðinu 16.-22. september. Þema vikunnar í ár er: *Erum við á réttri leið?* Hún er jafnframt umferðarvika í Hafnarfirði. Hjóladagur fjölskyldunnar í Hafnarfirði verður laugardaginn 19. september og hefst kl. 11.30 við Hafnarborg í miðbæ Hafnarfjarðar. Frekari upplýsingar má finna á bæjarvefnum, [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is).

» Rétt er að nefna hér að upplýsingar sem birtust á forsíðu **Skólavefritsins** síðustu þrjú tölublöð um skólahaldið í bænum áttu við síðasta skólaár en upplýsingar fyrir þetta skólaár eru ekki tilbúna enn. Því biður að þessar upplýsingar um skólaárið 2009-2010 verði uppfærðar hér í blaðinu.



» **Frá Námsgagnastofnun:** Nú er komin út ný útgáfa af vefnum **Skrifað í skrefum** sem var upphaflega opnaður árið 2000 sem ítarefni fyrir kennara sem notuðu samnefnda handbók um kennslu ritunar. Slóðin er: <http://www.namsgagnastofnun.is/skrifad/index.htm>.

**Hraunvallaskóli tók þátt í Norræna skólahlaupinu í fyrsta skipti í gær. Ræst var af stað kl. 09.09. Nánast allir nemendur skólans tóku þátt í hlaupinu. Upphaflega stóð til að nemendur í 1. - 4. bekk færu bara einn hring, 2,5 km. En þegar hlaupinu lauk höfðu margir nemendur í 3. bekk hlaupið 10 km. Sá sem fyrstur kom í mark hljóp 10 km á rúmum 42 mín**



### Námskeiðstilboð frá Rauða krossdeild Hf

Hafnarfjarðardeild Rauða krossins í Hafnarfirði býður bæjarbúum upp á hagnýt námskeið og geta sum þeirra vel nýst kennurum. Dæmi um slíkt eru námskeiðin *Sálrænn stuðningur* (sem, Elín Jónasdóttir, sálfræðingur annast), *Skyndihjálp* og *Slys og veikindi barna*. Nánari tíma- setningar og lýsingar á einstökum námskeiðum finnast á vefslóðinni kynntri hér neðar. Námskeiðin eru að hefjast svo mikilvægt er að kynna sér málið strax til að missa ekki af námskeiðum. Námskeiðin fara fram síð-

degis og standa fram á kvöld. Skráning fer fram á vefnum.

Þátttökugjald á námskeiði er kr. 1.000.

**VEFSLÓÐ:** <http://www.raudikrossinn.is/hafnarfjordur> og liðurinn **Á döfinni** þar sem skráning fer fram



### Símenntun

Frá námskeiðahaldi um SMT.



### Óteljandi forrit opin og frí

Miðlunarvefurinn **SourceForge** er miðlunarvefur á fríum og opnum hugbúnaði. Á vefnum er miðlað yfir 230 þúsund forritum af ólíkri gerð (febrúar 2009) og í dag var búið að hlaða niður rétt yfir 1,5 milljónum forrita þegar þetta er ritað. Tölvukennsla í skólum mun líklega að mestu reiða sig á opin og frí forrit þegar liður á öldina.

**sourceforge**

**inoodle**



**OpenOffice.org**

**Spyspot**



**VEFSLÓÐ:** <http://sourceforge.net/>

FRÉTTABRÉF SKÓLASKRIFSTOFU